

# Framúrskarandi fagfólk



Fyrsta tölublað ársins er komið út og óhætt að segja að efnið sem fyllir síðurnar sé fjölbreytt og fræðandi, áhugavert og alls konar. Stóra viðtalið í blaðinu er við Sigríði Gunnarsdóttur sem gegndi stöðu framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítala í áratug, eða þar til síðasta haust, þegar hún tók við starfi forstöðumanns Rannsókn- og skráningaseturs Krabbameinsfélagsins. Sigríður er kraftmikil hugsjónakona, einlæg, hreinskilin og eldklár. Í viðtalinu talar hún meðal annars um þau viðhorf og öfl sem halda hjúkrun niðri: „Það virðist enn eima eftir af þeirri hugmynd að hægt sé að fá „góðar konur“ til að hugsa um veikt fólk, hvort sem það er á sjúkrahúsum, öðrum heilbrigðisstofnunum, heima eða í öldrunarþjónustu. Iðulega hef ég verið spurð að því hvort ekki sé hægt að fela öðrum verkefni hjúkrunarfræðinga, hvort námið þeirra sé ekki of langt og þar fram eftir götunum. Þetta er viðhorf sem loðir við og er hættulegt, ekki bara fyrir hjúkrunarfræðinga sem stétt, heldur ekki síður fyrir sjúklinga og heilbrigðiskerfið í heild sinni.“ Sigríður rifjar svo upp, í þessu samhengi, samtal sem hún átti snemma á sínum ferli þegar hún sat fund með þáverandi landlækni og aftur ætla ég að fá að vitna beint í orð Sigríðar: „Verið var að ræða yfirvofandi skort á hjúkrunarfræðingum og landlæknir segir þá að þegar hann hafi starfað sem læknir í heilbrigðisþjónustu hafi hjúkrunarfræðingar aðallega verið í því að bursta tennur og greiða hár og að hann vissi ekki betur en að þeir væru enn að því. Ég gleymi þessu aldrei, vanþekkingin og fordómarnir í garð hjúkrunarfræðinga voru yfirþyrmandi. Þarna talaði einn helsti áhrifamaður í íslenskri heilbrigðisþjónustu og ráðgjafi ráðamanna. En þann tíma sem ég var framkvæmdastjóri hjúkrunar varð ég vör við þetta viðhorf og þau öfl sem halda hjúkrun niðri. Þó svo að þetta sé alls ekki lýsandi fyrir viðhorf lækna- og stjórnsýslu og pólitíkina.“



Það virðist ætla að taka margar kynslóðir að uppræta og breyta þessum rótgrónu viðhorfum sem Sigríður talar um, þessa bullandi fordóma og vanþekkingu á störfum hjúkrunarfræðinga. Það virðist því miður ekki vera gjörþekkt „þarna úti í samfélaginu“ að hjúkrunarfræðingar eru fagfólk, að þetta er fagstétt með margra ára háskólanám að baki. Og margt af þessu fagfólki býr yfir áratuga starfsreynslu sem er afar dýrmæt. Baráttan gegn vanþekkingu og rótgrónum viðhorfum heldur áfram og mjakast vonandi í rétta átt, betri kjör og fleiri karlmenn í hjúkrun eiga sinn þátt í að breyta þessum gömlu, rótgrónu viðhorfum. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga ákvað í þessu samhengi að fara í ímyndahefð þar sem slagorðið er:

## Hjúkrunarfræðingar – framúrskarandi fagfólk.

Verðlaunaljósmyndarinn Heiða Helgadóttir var fengin til að mynda herferðina og undirrituð og Heiða fóru í HA og á heilbrigðisstofnanir í þeim tilgangi að mynda hjúkrunarfræðinga; framúrskarandi fagfólk í sínu starfsumhverfi. Ímyndahefðin á að sýna fjölbreytt og mikilvæg störf hjúkrunarfræðinga og við byrjuðum á gjörgæsludeildinni við Hringbraut. Sölvi Sveinsson sem þar starfar var fús til að taka þátt í herferðinni, eins og allir hinir hjúkrunarfræðingarnir sem við höfðum samband við. Takk fyrir að gefa ykkur tíma í þetta verkefni. Myndirnar munu svo birtast á biðskýlum strætisvagnastöðva og á fleiri stöðum þegar herferðin fer í gang. Þess má geta að forsiðumyndin að þessu sinni er ein af þeim framúrskarandi flottu myndum sem Heiða tók fyrir ímyndahefðina en Sölvi á líka grein í blaðinu sem hann skrifaði með Þorsteini í Hermisetrinu en sá var einmitt líka myndaður fyrir herferðina.

Ég vil að lokum minna á alþjóðlegan dag hjúkrunarfræðinga föstudaginn 12. maí en þann dag verður aðalfundur Fih haldinn í Norðurljóssal Hörpu og því tilvalið að gera sér glaðan dag. Miðvikudaginn 10. maí ætlar félagið að bjóða hjúkrunarfræðingum að koma í Smárabíó milli 17-19 og sjá aukaefni sem tekið var upp við gerð þáttanna Stormur sem sýndir voru á RÚV nýverið. Þríeykið á bakvið Storm, þeir Jóhannes Kr. Kristjánsson, Heimir Bjarnason og Sævar Guðmundsson leikstjóri munu mæta á svæðið og spjalla við áhorfendur um gerð þáttanna eftir sýninguna. Ekki láta þessa sýningu fram hjá ykkur fara.

Gleðilegt vor og gleðilega páska, kæra fagfólk.

Þið eruð framúrskarandi!

Vona að þið njótið þess að lesa tímaritið.

*Sigríður Elín Ásmundsdóttir*



**Tímarit hjúkrunarfræðinga**  
Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík  
s. 540 6400  
hjukrun.is

Útgefandi: Félag íslenskra  
hjúkrunarfræðinga

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Sigríður Elín Ásmundsdóttir  
**Ritnefnd:** Þórunn Sigurðardóttir, Sölvi Sveinsson,  
Þorgerður Ragnarsdóttir  
**Ritstjóri ritrýndra greina:** Kristín Linda H Hjartardóttir  
**Ritnefnd ritrýndra greina:** Páll Biering, Sigrún Sunna  
Skúladóttir, Þóra Jenný Gunnarsdóttir  
**Yfirlæstur:** Ragnheiður Linnét

**Auglýsingar:** Erna Sigmundsdóttir - sími 821 2755  
**Hönnun og umbrot:** Þorbjörg Helga Ólafsdóttir  
**Forsíðumynd:** Heiða Helgadóttir  
**Myndir:** shutterstock.com, envato.com, Sigríður Elín  
Ásmundsdóttir, Ari Brynjólfsson o.fl.  
**Prentun:** PrentmetOddi

ISSN 2298-7053